

**Viðauki við samkomulag**  
**fjármálaráðherra f.h. rikissjóðs**  
**annars vegar**  
**og**  
**Stéttarfélags sjúkraþjálfara**  
**hins vegar**  
**um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila**  
**undirrituðu 6. júní 2011**

**1. gr.**  
**Ferðatími erlendis**

Frá 1. júní 2011 breytist kafla 5 og verði sem hér segir:

**5.5 Ferðatími erlendis**

5.5.1 Þegar starfsmaður fer utan að frumkvæði vinnuveitanda og á vegum hans skulu greiðslur vegna slíks óhagræðis vera með eftirfarandi hætti:

Sé brottför flugs á virkum degi fyrir kl. 10:00 og/eða heimkoma eftir kl. 15:00 skal starfsmaður fá greiðslu sem nemur þremur álagsstundum á 33,33% álagi skv. gr. 1.6.1 fyrir hvort tilvik.

Á almennum og sérstökum frídögum skal samsvarandi greiðsla nema sex álagsstundum á 55% álagi skv. gr. 1.6.1, án tillits til þess hvenær dags flugið er.

Heimilt er að semja um frítíma í stað greiðslu ferðatíma þannig að 20 mínútna frí jafngildir 33,33% álagi, 33 mínútna frí jafngildir 55% álagi.

**2.gr.**  
**Vinnuföt**


Frá 1. júní 2011 bætist við ný grein í kafla 8 er verði grein 8.1.6 og verður svohljóðandi:

8.1.6 Á heilbrigðisstofnunum þar sem þess er krafist, vegna sérstakra meðferðarúræða, að starfsmaður noti eigin fatnað í stað vinnuslopps eða álíka hlífðarfatnaðar skv. gr. 8.1.1, er vinnuveitanda í stað þess heimilt að greiða starfsmanni sérstaka fatapeninga að upphæð 3.800 kr. á mánuði miðað við fullt starf í dagvinnu.


Greiðsla þessi skal breytast á þriggja mánaða fresti í samræmi við breytingu fataliðar í vísitölu neysluverðs (031 Föt) með vísitölu maímánaðar 2011 sem grunnvísitölu (169,6 stig miðað við undirvísitölur frá 2008).

Reykjavík, 6. júní 2011

f.h. fjármálaráðherra með  
fyrirvara um samþykki



f.h. Stéttarfélags  
sjúkraþjálfara með fyrirvara um  
samþykki félagsmanna



Kristín E. Hólmgeirsd.